

Fundur Öldungadeildar lækna 03.03.21

1. Formaður félagsins, Kristófer Þorleifsson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna eftir árslangt fundarhlé vegna heimsfaraldurs covid veirunnar.
2. Formaður minntist félagi er látist hafa frá því síðast var fundað, en þeir voru

Páll Sigurðsson bæklunarlæknir og fyrrverandi Ráðuneytisstjóri, lést 16. apríl 2020 á 95. aldursári.

Valur Júlíusson heimilislæknir lést 5. Júlí 2020, 92 ára.

Grétar Guðmundsson taugalæknir lést 27.5.2020, 76 ára.

Sigurður Samúel Sigurðsson svæfinga- og gjörgæslulæknir lést 9. október 2020, 69 ára.

Geir Hannes Þorsteinsson barnalæknir lést 8. janúar 2021 tæpra 93 ára gamall.

Sigmundur Sigfússon geðlæknir og yfirlæknir lést 29. janúar 2021, 75 ára.

Jósef Friðrik Ólafsson lyflæknir og fv. yfirlæknir lést 15. febrúar á 92. aldursári.

Fundarmenn risu síðan úr sætum í minningu þessara föllnu félaga.

3. Kristófer formaður kynnti þessu næst fyrirlesara fundarins Eirík Jónsson þvaggfæraskurðlækni og yfirlækni á Landspítala og Jón Torfason sagnfræðing. Nefndu þeir erindi sitt „Saga af sulli“ umfjöllun um sullaveiki hér á landi.

Allar götur fram á nítjándu öld var engin þekking á eðli þessa sjúkdóms og því engin lækning. Sullaveiki er í raun smitsjúkómur. Um stóra smitveru var að ræða, þ. e. sullaveikibandorminn sem einkum mátti finna í hundaskít sem barst í meltingarveg manna og búfenaðar. Hundar voru einskonar „þvottavélar mataráhalda“ þar sem þeir fengu greyin að sleikja matardalla fólksins, en urðu þannig helstu smitberar sjúkdómsins. Það var ekki fyrr en komið var fram á 19. öld að skilningur á hreinlæti var orðinn það útbreiddur að sullaveikin dvínaði og að regluleg „hundahreinsun“ varð lagaskylda í landinu og þannig hægt að rjúfa smitferlið. Fyrirlesarar sögðu margar sögur af skelfilegum þjáningum sjúklinga og hörmulegum lækningatilraunum sem lesa má um í bréfum lækna til landlæknis.

Allt var þetta vel framsett hjá þeim félögum, jafnvel svo að kitlaði hláturtaugar á köflum þrátt fyrir vanmátt til meðferðar sjúklinganna sem liðu ólýsanlegar kvalir og dauða.

Var þeim félögum Eiríki og Jóni vel fagnað af 36 fundarmönnum. Að lokum færði formaður fyrirlesurum þakkarskjöl og bókgjöf í þakklætisvott.

Næsti fundur verður að öllu forfallalaus miðvikudaginn 7. apríl og mun Óttar Guðmundsson geðlæknir flytja erindi um „Sturlungu geðlæknisins.“

Jóhannes M. Gunnarsson, ritari

